

Markmiðið með innritun er:

- að finna lausn á vanda nemenda sem skólunum hefur ekki tekist í samráði við forráðamenn og viðkomandi þjónustumiðstöð.
- að aðstoða grunnskólana við að veita nemendum sem eiga í miklum hegðunar- og tilfinningalegum erfiðleikum og forráðamönnum þeirra þverfaglega þjónustu.

Daglegur starfstími Skólaselsins er frá kl. 08:15–13:30 og því er um smávægilega skerðingu á lögboðnum skólatíma að ræða hjá sumum nemendum.

Nemenda- og fjölskylduviðtöl geta farið fram í heimaskóla, viðkomandi þjónustumiðstöð og/eða hjá Barnavernd utan starfstíma Skólaselsins.

Í Skólaselinu starfa deildarstjóri sem stýrir daglegri starfsemi, kennari, tómskundaleiðbeinandi og aðrir þeir ráðgjafar sem þörf er á hverju sinni til að sinna einstaklingsbundinni ráðgjöf sem og fjölskyldu- og skólaráðgjöf.

Starfsfólk Skólaselsins:

Margrét Sæberg Sigurðardóttir,
deildarstjóri

Netfang:

margret.s.sigurdardottir@reykjavik.is

Friðrik Jónsson

tómskundaleiðbeinandi

Sólveig Edda Ingvarsdóttir

kennari

Netfang:

solveig.edda.ingvarsdottir@reykjavik.is



Skólaselið

Keilufelli 5
111 Reykjavík
s. 661-8220

netfang: margret.s.sigurdardottir@reykjavik.is

Skólaselið



Reykjavíkurborg
Þjónustumiðstöð Breiðholts

**Lausnamiðuð nemenda-
vernd**

Skólaselið er samstarfsverkefni Menntasviðs, Velferðarsviðs og Íþrótt- og tómsundasviðs um lausnamiðaða nemendavernd fyrir grunnskólanemendur í Árbæ, Breiðholti, Grafarholti og Norðlingaholti.

Í Skólaselið innritast nemendur úr grunnskólum Árbæjar, Breiðholts, Grafarholts og Norðlingaholts sem af einhverjum orsökum þurfa tímabundið úrræði utan heimaskóla eftir að fullreynt er samkvæmt verkferlum A, B og C.

Í Skólaselinu eru 3 - 5 nemendur á sama tíma og lögð er áhersla á að leita lausna á því vandamáli sem um ræðir hverju sinni.

Ekki er unnt að sækja um innritun í þetta lausnamiðaða nemendaverndarúrræði fyrir en eftir vandlega umfjöllun í nemendaverndarráði hvers skóla og að höfðu samráði og með samþykki forráðamanna og viðkomandi þjónustumiðstöðvar.

Nemendur dvelja eina til þrjár vikur í senn í Skólaselinu. Nemandi sem dvelur í Skólaselinu er þar á ábyrgð heimaskóla.

Í Skólaselinu fer fram lausnamiðað starf, stuðningur við nám, einstaklingsbundin ráðgjöf og fjölbreytt sérfræðiþjónusta þar sem tekið er mið af þörfum hvers og eins. Því kallar starfið meðal annars á öflugt þverfaglegt samstarf kennara, skólastjórnenda, kennsluráðgjafa, félagsráðgjafa, sálfræðinga, tómsunda-ráðgjafa og forráðamanna.

Í Skólaselinu er lögð áhersla á:

- að fara yfir námslega stöðu nemenda og veitir heimaskóli ráðgjöf og upplýsingar vegna þeirrar yfirferðar.
- að vinna að lífsleikniverkefnum með nemendum sem styrkja félagsfærni þeirra og stuðlað geta að aukinni þátttöku í heilbrigðu íþrótt- og tómsundastarfi.

Þegar nemandi hefur verið innritaður í Skólaselið boðar deildarstjóri til lausnafundar eins fljótt og kostur er. Til fundarins er boðað í samvinnu við skólastjóra heimaskóla.

Deildarstjóri stýrir lausnafundum.

Meginmarkmið Skólaselsins er að koma öllum aðilum að máli barnsins og mynda teymi sem kemur að lausn á vanda þess.

